

Fundargerð aðalfundar VR 24. mars 2021 kl. 19:30
Staðfundur á Hilton Nordica Reykjavík hóteli og fjarfundur

Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, setti fund kl. 19:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kosinn fundarstjóri.

Stungið var upp á Guðmundi B. Ólafssyni, lögmanni VR. Ekki komu aðrar uppástungur og var Guðmundur kosinn fundarstjóri.

Fundarstjóri tók því næst við stjórn fundarins og úrskurðaði um lögmæti hans. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 13. mars og Morgunblaðinu 15. mars en einnig var hann auglýstur á vef VR og samfélagsmiðlum.

Reikningar, endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðendum, tvær tillögur stjórnar VR að lagabreytingum og ein breytingartillaga stjórnar á Reglugerð Sjúkrajóðs VR lágu frammi á skrifstofum félagsins og vef.

Til fundarins hafi því verið boðað með lögmætum hætti sbr. 23 gr. laga VR.

Fundarstjóri benti á að fundurinn væri bæði haldinn á staðnum og með rafrænum hætti. Félagsmönnum hafi verið boðið að skrá sig annaðhvort á staðfund eða rafrænan fund og hafi skráningu lokið í hádeginu 24. mars.

Engar athugsemdir komu fram um framkvæmd fundarins.

1. Kosinn ritari.

Stungið var upp á Steinunni Böðvarsdóttur sem starfar í hagdeild VR. Ekki komu aðrar uppástungur og var Steinunn kosin fundarritari.

2. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsára.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR flutti skýrslu stjórnar.

Árið 2020 átti að vera rólega árið, sagði Ragnar, ýmis markmið síðustu kjarasamninga hefðu náðst og áherslan hafi átt að vera í öðrum uppbyggilegum verkefnum næstu misseri. En Covid skall á þjóðinni og fljótlega varð ljóst að við værum að fara að takast á við krefjandi tíma. VR, í samstarfi við Verkalýðsfélag Akraness, hafi fljótlega byrjað að teikna upp hugmynd að aðgerðum til að verja kjarasamninginn og félagsmenn. Hugmyndin hafi falið í sér tímabundna lækkun mótfamlags atvinnurekenda í lifeyrissjóð, að því gefnu að neysluverðsvísitalan héldist innan ákveðinna marka. Þannig væri hægt að búa til núllausn fyrir fyrirtækin sem einnig fæli í sér mikinn ávinning fyrir launafólk. Atburðarrásin sem fylgdi í kjölfarið hafi hins vegar verið ótrúleg, hugmyndin hafi ekki einu sinni fengist rædd í miðstjórn Alþýðusambandsins. Við gerum ekkert ef við erum ekki beðin um það, þetta voru skilaboðin sagði formaður VR. Formaður VLFA hafi þá sagt sig frá trúnaðarstörfum innan ASÍ og formaður og varaformaður VR fylgt á eftir. Ragnar Þór sagðist skilja gagnrýni á þessa ákvörðun og þá sem teldu þetta hafa verið mistök, en hann hafi talið kröftum sínum betur varið á öðrum vettvangi. Eftir þetta hafi VR byrjað að teikna upp úrræði fyrir þá sem misst hafi vinnuna og náðu ekki endum saman. Haustið 2020 hafi legið fyrir hugmynd um stuðningslán heimilanna sem kynnt var ríkisstjórninni, bönkunum og stjórnmálflokkum og einnig almenningi í herferð á vegum VR

Ragnar Þór fór þá yfir nokkur önnur hagsmunamál félagsins. VR hélt áfram að berjast fyrir vaxtalækkun sem hefur skilað félagsmönnum tugum þúsunda í auknar ráðstöfunartekjur á mánuði. Hvað varðar húsnæðismálin er VR leiðandi þar, sagði Ragnar, vinna við að koma af stað leigufélagi sé í gangi, en að öllu óbreyttu stefni í alvarlegan húsnæðisskort.

Á vettvangi ASÍ var samþykkt að breyta lögum um varaforsetateymi sambandsins til að reyna að ná sátt innan samabandsins, fjöldað var úr tveimur í þrjá. Formaður VR var kosinn þriðji varaforseti ASÍ. Það var ekki hugmynd formanns VR, sagði Ragnar Þór, en þetta var rætt innan stjórnar og fékk þar stuðning. Æskilegra væri að vera áfram innan raða ASÍ en standa utan sambandsins. Ragnar Þór sagðist telja þetta hafa verið rétta ákvörðun.

Þá fjallaði Ragnar Þór um lífeyrissjóðsmál sem hafi verið í brennidepli á starfsárinu. Þegar málefni lífeyrissjóða eru rædd erum við komin ansi nálægt kjarna sólarinnar, sagði formaðurinn. Eftirlitsaðilar hafi séð ástæðu til að hafa skoðanir á því að við hjá VR hefðum skoðanir á fjárfestingum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sagði Ragnar og vísaði þar í hlutafjárútboð Icelandair á starfsárinu. Icelandair hafi hins vegar farið mjög harkalega gegn félagsmönnum okkar og grundvallarsamningsrétti stéttarfélaga. Málið hafi að lokum verið leyst með sameiginlegi yfirlýsingu Icelandair og ASÍ en stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna ákvað að taka ekki þátt í hlutafjárútboðinu. Margir hafi talið það vera vegna afskipta félagsins eða formanns þess, en það er fjarri lagi sagði Ragnar Þór. VR ber fullt traust til fulltrúanna sem félagið skipar í stjórn sjóðsins. Ragnar benti á að síðustu tvö ár hafi verið þau bestu í sögu sjóðsins sem muni hafa í för með sér hækkan lífeyrisgreiðslna.

Þá sagði Ragnar Þór að VR hefði ákveðið að taka slaginn með Gráa hernum í þeirra baráttu og virkjað m.a. Öldungaráð VR. Þá væri VR í forystuhlutverki þegar kemur að viðbrögðum við tæknibreytingum og 4. iðnbyltingunni, meðal annars með samstarfi við stjórnvöld og atvinnulífið við að koma á stafrænu hæfnisetri og hæfnismati. VR vinnur jafnframt að því að koma á atvinnulýðræði en það verður ein af helstu kröfum félagsins í næstu kjarasamningum. Ragnar benti á að stjórnmalaflokkar væru farnir að taka málið til sín líka.

Hvað varðar orlofsmálin jók VR verulega í og bætti við fjórum húsum í Hálöndunum á Akureyri. Aukið álag er á Sjúkrasjóð VR, sagði Ragnar, en benti jafnframt á þau gleðitíðindi að undir lok síðasta árs hafi, í fyrsta skipti í nokkur ár, greiðsla dagpeninga verið undir áætlun. Vonandi gæti félagið unnið til baka þær réttindaskerðingar sem orðið hafi.

Árið einkenndist af fjarfundum, sagði Ragnar, engir viðburðir haldnir né opnir fundir. Við vonum að þær hörðu sóttvarnaraðgerðir sem tilkynntar voru í dag [af hálfu yfirvalda vegna fjölgunar Covid-19 smita] komi í veg fyrir frekari útbreiðslu veirunnar. Ragnar hrósaði sérstaklega starfsfólk félagsins fyrir frábært starf á Covid tínum, meðal annars við að koma öllu efni á rafrænt form, fræðsluefni og fyrirlestrum, og að halda öllu gangandi á tínum þegar þurfi nánast að spila þetta eftir eyranu.

Ragnar benti á að ánægja með félagið mældist hátt í könnunum og það hafi aldrei verið eins mikilvægt og nú að hreyfingin snúi bökum saman. Við þurfum að taka tillit til allra hópa innan félagsins og allra skoðana eins og niðurstöður síðustu kosninga til forstu félagsins sýndu, sagði Ragnar Þór. Hann kvíði hins vegar ekki þeirri áskorun með gott fólk í kringum sig.

Þá þakkaði Ragnar traustið sem honum hafi verið sýnt í síðustu formannskosningum, óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið. Starfsárið hafi verið einstaklega viðburðarríkt en hann hlakki til að takast á við ný verkefni með starfsfólk og nýrrí stjórn.

Eftir að formaðurinn hafði lokið máli sínu, óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins fyrir því að umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins verði teknar saman.

Samþykkt.

3. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR fór yfir reikninga félagsins og studdist við slæður. Hann benti á að ársreikningurinn væri undirritaður af KPMG án fyrirvara.

Ársreikningurinn er birtur á vef félagsins og í ársskýrslu sem lögð var fram á fundinum og einnig birt á vefnum.

Stefán fór yfir rekstrartekjur félagsins sem lækkuðu um 248 m.kr. milli ára eða 5,5%. Þessi lækkun skýrist helst af minni tekjum af orlofsþjónustu og lægri iðgjaldatekjum en félagsmönnum fækkaði milli ára og atvinnuleysi jókst umtalsvert. Stefán benti á að ekki væri greitt í orlofs- eða sjúkrasjóði stéttarfélaga af atvinnuleysisbótum. Rekstrargjöld lækkuðu um 417 m.kr. milli ára eða um 8,8% og eru helstu skýringar minni gjöld vegna orlofsmála og að félagsmenn sækí síður í varasjóð.

Félagsmönnum fækkaði um 2,3% milli 2019 og 2020 en störfum á vinnumarkaði fækkaði um 7,2% á sama tímabili. Stefán benti á að þrátt fyrir fækkun félagsmanna sé hlutdeild VR á hinum almenna vinnumarkaði að aukast. Atvinnuleysi meðal félagsmanna jókst mikið, það var 9,1% í lok árs 2020 en var 4,1% á sama tíma árið á undan.

Þá fór Stefán yfir helstu lykiltölur í starfseminni. Afgreiðslum fækkaði mikið milli ára eða um 67,5% sem rekja má til þess að móttaka félagsins var lokuð stóran hluta árs. Símtölu fækkaði einnig en heimsóknum á vefinn og á Mínar síður fjölgæði mikið eða um 6-7% pr. félagsmann. Um 87% félagsmanna fóru inn á Mínar síður á árinu 2020. Fjöldi tölvupósta til félagsins stendur nánast í stað en mun færri sóttu um styrkt úr VR varasjóði. Stefán benti á að þegar kreppi að sækí félagsmenn oft meira í VR varasjóð, en vegna þess að stærstur hluti styrkja er vegna líkamsræktar og að líkamsræktarstöðvar voru lokaðar stóran hluta ársins er fækkun í umsóknum í VR varasjóð. Nýting orlofshúsa var betri 2020 en árið á undan þrátt fyrir að húsunum hafi verið lokað hluta árs. Þegar búið er að taka tillit til lokana vegna Covid er nýtingin um 67%. Þá benti Stefán á að aukning hafi verið hjá ráðgjöfum Virk starfsendurhæfingarsjóðs hjá VR á árinu um 16,9% og hafi VR fjölgæð stöðugildum ráðgjafa um eitt. Og að lokum benti hann á að örlistil fækkun hafi verið í fjölda einstgaklingsstyrkja úr starfsmenntasjóðum milli ára.

Þá fór Stefán yfir þróun rekstrar á árinu og benti á að iðgjaldatekjur hafi lækkað um 119 m.kr. milli ára sem rekja megi til aukins atvinnuleysis, eins og fram kemur að framan. Þá lækkuðu tekjur af orlofsþjónustu um 125 m.kr. sem helst má rekja til minni sölu á ferðatengdum gjafabréfum. Rekstrargjöld drögust saman um 417 m.kr. milli ára, dagpenningar og styrkir sjúkrasjóðs lækkuðu um 168 m.kr. m.a. vegna breytinga á reglugerð, samdráttur í greiðslu styrkja úr VR varasjóði og Vinnudeilusjóði nemur 107 m.kr. og gjöld vegna orlofsþjónustu lækkuðu um 148 m.kr. Stefán benti hins vegar á að rekstrargjöld hafi vaxið um 29% á sjö árum, stærsti liðurinn er aukning í greiðslu sjúkradagpenninga. Rekstrartekjur pr. félagsmann drögust saman um 4 þús.kr. milli ára og gjöld um 8 þús.kr.

Þá fór Stefán yfir helstu stærðir sjóða félagsins. Hlutfall sjúkradagpenninga af iðgjöldum í Sjúkrasjóð VR lækkaði á árinu þrátt fyrir samdrátt í tekjum, var 88,0% árið 2020 en 91,9% árið á undan. Hvað varðar VR varasjóð lækkuðu styrkir vegna forvarna um 73 m.kr. milli ára og vegna orlofsþjónustu um 24 m.kr. Inneign í VR varasjóði í lok árs var 2,1 ma.kr. og skiptist á 61 þúsund einstaklinga.

Stefán fór yfir breytingar vegna VR varasjóðs en framlag vegna ársins 2020 var fært eftir samþykkt aðalfundar ársins 2020 í fyrsta sinn, en aður var framlag fært á fyrra ár. Breytingin hafði engin áhrif á réttindainneign einstakra félagsmanna og engin áhrif á samstæðu í ársreikningi en hafa þarf í huga við samanburð milli ára að ekkert framlag er fært á árinu 2019. Framlagið sem fært var 2020 er 565 m.kr. úr félagssjóði og 220 m.kr. úr orlofssjóði.

Stefán benti á að ávöxtun verðbréfasafna félagsins væri mjög góð, félagið á rúma 12 ma.kr. í verðbréfum og verðbréfasjóðum. Raunávöxtun var 5,7% og lækkaði úr 9,4% árið 2019 þegar hún var óvenjulega góð. Meðalávöxtun síðustu sjö ára er 4,7%. Fjárfestingastefna félagsins er varfærin.

Kosningar á fundinum voru rafrænar og er það í fyrsta skipti sem kosið er rafrænt á aðalfundi VR. Færri greiddu atkvæði en voru á fundinum samkvæmt talningu og var afráðið að notast við niðurstöðu fjölda þeirra sem greiddu atkvæði. Opnað var fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn tók til mál og bar fundarstjóri reikningana upp til samþykktar. Þeir voru samþykktir, einn tók ekki afstöðu.

4. Framlag í VR varasjóð.

Þá las fundarstjóri upp tillögu stjórnar um framlag í VR varasjóð. Tillagan var svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 24. mars 2021, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 785.000.000,- fyrir árið 2020. Úr Félagssjóði koma 475 m.kr., úr Sjúkrasjóði VR koma 100 m.kr. og úr orlofssjóði 210 m.kr. Til viðbótar koma aukakaup vegna iðgjalda félagsmanna sem eru í vanskilum þegar greitt verður inn í VR varsjóði eftir aðalfund VR 2021.“

Opnað var fyrir umræður um framlag í VR varasjóð. Enginn tók til mál og var þá gengið til kosninga um tillöguna.

Tillagan um framlag í VR varasjóð var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða, tveir sögðu nei og fjórir tóku ekki afstöðu.

5. Lagabreytingar.

Sigmundur Halldórsson, formaður Laganeftnar VR, kynnti 2 tillögur að lagabreytingum frá stjórn VR. Sigmundur sagði tillögurnar til þess fallnar að mæta nútímanum í ljósi fjarfunda og breyttra samskipta, Covid kallaði þannig á breytingar en einnig væri félagssvæði VR orðið víðfeðmt og erfitt fyrir alla að taka þátt með góðu móti. Lögð væri áhersla á öryggi og að auðkenni á rafrænum fundi væri slíkt að ekki færi á milli mála hver sæti fundinn. Breytingatillögurnar eru sem hér segir (merktar með rauðu):

a. Viðbót við 23. gr. (í rauðu):

23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hver og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara. **Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leiti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarmanna hvort sem þeir sækja fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsmanna á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.** Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

b. Viðbót við 25. gr. (í rauðu):

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. Mál, sem ekki hafa verið greind í auglýstri dagskrá félagsfundar er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins.

Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hanaritað ágrip af því sem fram fer á fundum félagsins. **Stjórn er heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leiti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal**

fundarmanna hvort sem þeir sækja fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsmanna á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem lögin setja og hér að ofan greinir.

Að kynningu Sigmundar lokinni opnaði fundarstjóri fyrir umræður um tillögurnar. Bryndís Guðnadóttir, forstöðumaður kjaramálasvið VR, tók til mál og fagnaði tillögunum.

Fundarstjóri bar tillögurnar síðan upp til atkvæða, sitt í hvoru lagi. Fundarstjóri benti á að 2/3 greiddra atkvæða þyrfti til að breyta lögum.

Fyrri tillaga, um viðbót við 23. gr. laga um aðalfundi, sjá að ofan, var samþykkt með 72 atkvæðum, einn sat hjá.

Seinni tillaga, um viðbót við 25. gr. laga um félagsfundi, sjá að ofan, var samþykkt með 70 atkvæðum, einn sat hjá.

Lög VR í heild sinni með áorðnum breytingum eru því sem hér segir:

Lög VR

1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnессýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórvöldum og öðrum, að því er varðar hagsmuni félagsmanna.

3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólki.

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launamenn eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.

Félagsmenn sem missa starf sitt á vinnumarkaði geta áfram verið félagsmenn, gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi þeir ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótagreiðslna skulu þeir hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta.

Félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn þó án þess að njóta kjörgengis í féluginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga. Skulu þeir

hafa verið félagsmenn í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom og skal greiðsla félagsgjálða með þessum hætti hefjast eigi síðar en innan 12 mánaða frá fyrstu greiðslu örorkulífeyris. Eldri félagsmenn sem fá greiddan ellilífeyri og sem verið hafa í féluginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna, við 67 ára aldur, teljast áfram félagsmenn í VR en njóta ekki kjörgengis. Þeir félagsmenn sem kjósa að hefja töku eftirlauna við 65 ára aldur geta viðhaldið réttindum með því að greiða félagsgjald af ellilífeyrisgreiðslum, hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga, til 67 ára aldurs. Þeir skulu hafa verið í féluginu a.m.k. samfellt í 5 ár fyrir töku eftirlauna.

Réttindi sem fylgja aðild samkvæmt öllu ofangreindu eru háð nánari reglum einstakra sjóða VR.

Þeir sem hverfa frá störfum um stundarsakir vegna náms eða veikinda geta nýtt sér áunninn rétt við inngöngu að nýju skv. nánari reglum félagsins.

Fullgildur félagsmaður getur sá orðið sem:

Náð hefur 16 ára að aldrí.

Er skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.

Er greiðandi og hefur greitt lágmarksfélagsjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum og staðfest hefur aðild sína að féluginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.

Unglingar geta orðið félagsmenn þó þeir hafi ekki náð 16 ára aldri en njóta þó ekki kjörgengis í féluginu.

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í féluginu. Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll. Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

4. gr. Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að féluginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýrra félagsmanna að féluginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagsmaður. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins.

Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsmenn, gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs. Nýjum félögum og sjálfstætt starfandi sem óska aðildar að féluginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.

5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsmanna eru:

Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins. Atkvæðisréttur um kjarasamninga félagsins er bundinn þeim sem starfa samkvæmt þeim kjarasamningi sem kosið er um hverju sinni.

Allir fullgildir félagar hafa kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim

undantekningum sem getið er um í 3.gr.

Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.

Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.

Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.

Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Skyldur félagsmanna eru:

Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og halda í einu og öllu samninga sem félagið hefur gert.

Að greiða félagsgjald

6. gr. Úrsögn

Úrsögn úr féluginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Enginn getur þó sagt sig úr féluginu, eftir að kröfugerð í vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til samningar hafa náðst. Einnig er óheimilt að segja sig úr féluginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands, er lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann félagsmann, er hverfur sem launamaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu, er fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga.

7. gr. Brottvikning

Stjórn félagsins getur vikið úr féluginu hverjum þeim, sem að hennar álti brýtur lög félagsins, samninga þess við vinnuveitendur eða vinnur gegn hagsmunum þess. Ákvörðun stjórnar er heimilt að vísa til úrskurðar trúnaðarráðs. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 greiddra atkvæða, hvort sem er á trúnaðarráðsfundi eða stjórnarfundi. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir, verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal félagsmanni gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.

8. gr. Heiðursfélagar - gullmerki

Stjórn félagsins er heimilt að velja heiðursfélaga og sáma menn gullmerki félagsins.

Heiðursfélagar eru undanskildir félagsgjaldi.

9. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjaldið hverju sinni. Þó er heimilt að innheimta félagsgjaldið sem hundraðshluta af launum af sama grunni og iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og kveða á um lágmarksfélagsgjald.

10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

11. gr. Hæfi stjórnarmana

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR, skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrtækni sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins og mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins.

12. gr. Störf stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórn skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fjáreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórn hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því, er félagini má verða til heilla.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins.

Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launaneftnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

13. gr. Stjórnarfundir

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það, er á fundunum gerist skráð í sérstaka gerðarbók. Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. Formaður sér um að gerðarbók sé rituð og hún varðveitt með öruggum hætti.

Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

Halda skal fund ef a.m.k. 4 stjórnarmenn krefjast þess. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála.

14. gr. Trúnaðarráð

Í félagini skal starfa trúnaðarráð sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar og varastjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í

allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

15. gr. Deildir

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

16. gr. Trúnaðarmenn

Formaður, fyrir hönd stjórnar félagsins, staðfestir val á trúnaðarmönnum á vinnustöðum og fullgildir skipun þeirra með erindisbréfi, sem þeir starfa eftir. Trúnaðarmenn skulu hafa eftirlit með að lögum félagins, samþykktum og samningum sé hlýtt. Trúnaðarmenn eru tengiliðir starfsmanna á viðkomandi vinnustað við stjórn og starfsmenn félagins. Að öðru leyti fer um starfsemi, réttindi og skyldur trúnaðarmanna að lögum og kjarasamningi félagsins.

17. gr. Samninganefnd

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Samninganefnd kemur fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga. Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess. Stjórn er heimilt að kalla fleiri félagsmenn til setu í samninganefnd eftir því sem þurfa þykir. Við gerð sérkjarasamninga, vinnustaða- eða fyrirtækjasamninga er samninganefnd heimilt að skipa minni samninganefnd.

Kröfugerð við gerð aðalkjarasamninga skal borin upp í trúnaðarráði til samþykktar áður en hún er lögð fram við samningagerð.

18. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla

Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa:

- 1.Um kosningu stjórnar og trúnaðarráðs.
- 2.Um vinnustöðvun. Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til.
- 3.Um miðlunartillögu ríkissáttasemjara eftir því sem við á.
- 4.Þegar trúnaðarráð eða lögmætur félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu.
Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli.

19. gr. Kjörstjórn

Kjörstjórn skal skipuð þremur mönnum við kosningar í félaginu. Tveimur tilnefndum af stjórn félagsins og einum tilnefndum af Landssambandi íslenzkra verzlunarmana eða Alþýðusambandi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga til vara. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninga samkvæmt reglugerð ASÍ.

20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

20.1. Um kosningu formanns og stjórnar

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Missi trúnaðarráðsmaður hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. Um framkvæmd kosninga

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum.

Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf

atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvaðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félagini skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Halda skal kynningarfundí meðal félagsmanna krefjist einn eða fleiri frambjóðenda þess. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4. Um kjörseðla og röðun á lista

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendar merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjafléttu halda áfram til röðunar varamanna. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

Við kosningu til trúnaðarráðs:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.

21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvaðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Komi til allsherjaratkvaðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsmanna. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

22. gr. Jafnræði

Við val á félagsmönnum til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal gætt jafnræðis milli kynja og milli starfsgreina.

23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hver og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingi í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara. Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leiti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarmanna hvort sem þeir sækja fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsmanna á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávalt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

24. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

- 1.Kosinn fundarstjóri.
- 2.Kosinn ritari.
- 3.Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
- 4.Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
- 5.Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
- 6.Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
- 7.Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.
- 8.Ákvörðun félagsgjalds.
- 9.Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
- 10.Önnur mál.

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. Mál, sem ekki hafa verið greind í auglýstri dagskrá félagsfundar er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins.

Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágrip af því sem fram fer á fundum félagsins. Stjórn er heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leiti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarmanna hvort sem þeir sækja fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsmanna á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávalt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum. Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem lögin setja og hér að ofan greinir.

26. gr. Sjóðir

Félagið rekur:

Félagssjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, Varasjóð og Vinnudeilusjóð.

Í reglugerð sjóðanna skal tilgreina hlutverk, tekjur, hvernig greiðslum úr sjóðnum er háttað og annað það er viðkemur rekstri sjóðanna.

Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka stjórn um hvern sjóð fyrir sig.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldbréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) á banka- eða sparisjóðsreikningum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðanna,
- e) á annan þann hátt er stjórn og trúnaðarráð meta tryggan.

27. gr. Reikningar

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu félagsins og heimasíðu félagsins, félagsmönnum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjаратkvæðagreiðslu.

Í fundarboði skal þess getið að lagabreytingar séu á dagskrá.

Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingartillögur við þær lagabreytingar sem lagðar hafa verið fyrir félagsstjórn með þessum hætti. Aðrar breytingatillögur verða ekki teknar fyrir. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögunum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna hafa staðfest þær.

29. gr. Slit félagsins

Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 allra félagsmanna samþykki það og þessari ákvörðun verður ekki breytt með tilvitnun til ákvæðis 28. gr.

(Lög VR, samþykkt á aðalfundi VR 28. febrúar 1955 með áorðnum breytingum 19. febrúar 1958, 23. febrúar 1959, 10. febrúar 1965, 17. janúar 1967, 25. janúar 1969, 2. júní 1975, 11. febrúar 1976, 21. mars 1978, 18. mars 1991, 25. mars 2002, 14. mars 2005, 24. apríl 2006, 31. mars 2008, 2. apríl 2009, 11. janúar 2011, 27. apríl 2011, 10. apríl 2012, 26. mars 2014 og 25. mars 2015, 28. mars 2017, 19. mars 2018, 27. mars 2019, 9. júní 2020, 24 mars. 2021).

Lögin í heild sinni voru borin upp til samþykktar í rafrænni kosningu. 71 samþykkti, einn var á móti og einn tók ekki afstöðu. Lögin teljast samþykkt.

6. Reglugerðarbreytingar.

Fundarstjóri sagði frá því að breyting á 10. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR, sem gerð var á aðalfundi á síðasta ári, hafi ekki fengið staðfestingu Alþýðusambands Íslands, en það er skilyrði fyrir því að reglugerðarbreytingar sjúkrasjóða stéttarfélaga taki gildi. Breytingin sem samþykkt var á síðasta aðalfundi er (breyting í **rauðu** letri):

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

..... Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. **Gildir það einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin eru vátryggingarskyldu.**

Samþykkt á reglugerð Sjúkrasjóðs VR á þessum fundi felur í sér að breytingin sé dregin til baka.

b. Reglugerðarbreyting á 10. gr. Reglugerðar Sjúkrasjóðs VR.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR kynnti tillögu að breytingu á 10. gr. Reglugerðar Sjúkrasjóðs VR. Lagt er til að í stað orðsins „skal“ komi orðin „**er heimilt**“ þannig:

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

..... Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði **er heimilt** að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði.

Svanhildur sagði að hér væri verið að samræma orðanotkun í Reglugerð og starfsreglum. Einnig væri réttara að nota orðið „heimilt“ frekar en „skylt“, hægt sé að beita því ef það er hagstætt fyrir félagsmenn.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um tillöguna, enginn tók til máls og var hún þá borin upp til samþykktar í rafrænni kosningu. Fundarstjóri benti sérstaklega á að með samþykkt væri breytingin frá fundinum á síðasta ári felld út.

Tillagan var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða, fimm töku ekki afstöðu.

Reglugerð Sjúkrasjóðs með áorðnum breytingum er sem hér segir:

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

- 1.1 Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður VR.
- 1.2 Sjúkrasjóður VR er stofnaður með tilvísun til laga nr. 19, 1. maí 1979.
- 1.3 Sjúkrasjóður VR er eign VR. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Verkefni sjóðsins

- 2.1 Verkefni sjóðsins er að veita félagsmönnum VR fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum.
- 2.2 Verkefni sjóðsins er enn fremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum er snerta starfsöryggi og heilsufar.
- 2.3 Sjóðurinn getur einnig varið fé til aðila sem vinna að bættu heilsufari.
- 2.4 VR er heimilt að taka að sér aðstoð við félagasamtök, sem um það semja, varðandi ofangreint verkefni.
- 2.5 Aðalfundi hverju sinni er heimilt að ákveða að hlutfall af iðgjaldi félagsmannna í Sjúkrasjóð VR renni inn í VR varasjóð og greiðist út samkvæmt reglugerð um VR varasjóð.

3.gr.

- 3.1 Heimilt er að stofna til samstarfs við önnur félög um rekstur sjúkrasjóða.

4. gr. Tekjur

- 4.1 Tekjur sjóðsins eru samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins skv. kjarasamningum VR á hverjum tíma sbr. 7. gr. laga nr. 19, 1. maí 1979.
- 4.2 Vaxtatekjur og annar arður.
- 4.3 Gjafir, framlög og styrkir.
- 4.4. Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

5. gr. Stjórn og rekstur

- 5.1 Stjórn VR er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.
- 5.2 Stjórn VR er heimilt að fela fimm mönnum framkvæmdastjórn sem fer með stjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kýs sér formann.
- 5.3 Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við almennar stjórnsýslureglur.
- 5.4 Fjárreiður og umsjón með sjóðnum annast skrifstofa VR.
- 5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir allan kostnað, sem af rekstri hans leiðir.
- 5.6 Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um rétt félagsmanns til greiðslu úr sjóðnum.
- 5.7 Stjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur bóta og aðra starfstilhögun.

6. gr. Reikningar og endurskoðun

- 6.1 Rei kningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af löggiltum endurskoðanda og félagslegum skoðunarmönnum félagsins fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

6.2 Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.

6.3 Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks.

7. gr. Úttekt óháðra eftirlitsaðila

7.1 Annað hvert ár skal framkvæmdastjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

7.2 Stjórn sjóðsins skal ávallt gæta þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

8. gr. Ávoxtun sjóðsins

8.1. Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldbréfum, í skuldbréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) í bönkum eða sparisjóðum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðsins,
- e) á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan.

9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

9.1 Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.4, 9.6, 9.7 og 9.8.

9.2 Þeir sem greitt hafa iðgjald til Sjúkrasjóðs VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysadagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.fr., þarf að hafa greitt iðgjald til Sjúkrasjóðs VR samfellt í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar. Heimilt er að dagpeningagreiðslur, styrkir og dánarbætur séu greidd m.v. starfshlutfall.

9.3 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra féluginu.

9.4

a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim atvinnuleitendum sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir skráningu á atvinnuleysissskrá.

b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum.

9.5 Ef breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá sjálfstætt starfandi eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrirtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Sama gildir um iðgjaldagreiðslur aftur í tímann og ef aðilar með stöðu sjálfstætt starfandi hafa nýlega gengið í félagið.

9.6 Heimilt er að veita rétt til dánarbóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 6 ára aldur.

9.7 Framkvæmdastjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarna- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

9.8 Styrkir og fjárframlög til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. 2. gr.

9.9 Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokka vegna fæðingarorlofs, slysatrygginga og annarra heilsufarstrygginga.

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

Sjúkrasjóðurinn skal að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur félru niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama slysa- og/eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef suí upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Í upphafi félagsaðildar skal ekki greiða sjúkra- og slysadagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félagsmann í sjúkrasjóðinn og er þá miðað við þann dag sem greiðslan hefst. Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.3.

Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, yngri en 18 ára, og vegna langvarandi veikinda maka. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.

Eigi félagsmaður rétt til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra-eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem upp á vantár í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.

Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvárdar aður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

Sá sem hefur fullnýtt rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

12. gr. Slysabætur

Sjúkrasjóður greiðir slysabætur sem hér segir:

Bætur vegna varanlegrar örorku vegna slyss í frítíma:

Bætur vegna varanlegrar örorku, 10% eða meira, greiðast í hlutfalli við bótafjárhæð sem kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni, þó þannig að hvert örorkustig 26-50%

virkar tvöfalt og hvert örorkustig 51-100% virkar fjórfalt.

Bætur vegna slysa barna félagsmanna, yngri en 18 ára, þ.e. dánarbætur og örorkubætur vegna slyss eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Slysabætur greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Gildir það einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin eru vátryggingarskyldu. Auk þess greiðast ekki slysabætur ef slys eða óvinnufærni má rekja til ásetnings, ölvunar eða stórkostlegs gáleyasis.

Bætur vegna tímabundinnar örorku falla undir sjúkra- og slysadagpeninga, skv. gr.10.

13. gr. Lausn frá greiðsluskyldu

Ef farsóttir, náttúruhamfarir eða önnur stór áföll geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur stjórn sjóðsins ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð bóta, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin. Sé nauðsynlegt að skerða bætur vegna fjárhags sjóðsins skulu sjúkra- og slysadagpeningar skerðast minnst og njóta forgangs umfram aðra bótaflokkja eða útgreiðslur.

14. gr. Fyrning bótaréttar

Réttur til bóta eða styrkja úr sjóðnum fyrnist sem hér segir:

Dagpeningar, slysa- og dánarbætur fyrnast á 24 mánuðum frá því að réttur til bóta myndast. Aðrar greiðslur og styrkir fyrnast á 12 mánuðum frá því að réttur til greiðslu skapaðist.

15. gr. Endurgreiðsla iðgjalda

Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

16. gr. Upplýsingaskylda

16.1 Stjórn sjóðsins ber að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra samkvæmt reglugerð sjóðsins með kynningu á vefsíðu félagsins.

16.2 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ árlega; ársreikning sjóðsins auk mats á framtíðarstöðu á 5 ára fresti.

16.3 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ allar breytingar sem gerðar kunna að vera á þessari reglugerð.

17. gr. Bóta aflað með svíksamlegum hætti

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með svíksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

18. gr. Úrskurðarnefnd VR

Heimilt er að kæra ágreining sem rís um túlkun reglna, grundvöll, skilyrði og fjárhæð dagpeninga, styrkja og annarra greiðslna úr sjóðnum til úrskurðarnefndar VR sem skipuð er af stjórn félagsins. Hlutverk úrskurðarnefndar VR er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga og reglna VR.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að viðkomandi félagsmanni eða aðila er tilkynnt um ákvörðun Sjúkrasjóðs VR og nánar eftir gildandi reglum um úrskurðarnefnd VR hverju sinni.

19. gr. Breytingar á reglugerðinni

Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi VR.

(Samþykkt af stjórn VR 14. ágúst 1979, á aðalfundi VR 23. mars 1980 með áorðnum breytingum 25. mars 1985, 16. mars 1998, 8. mars 1999, 26. mars 2001, 14. mars 2005, 24. apríl 2006, 26. mars 2007, 2. apríl 2009, 11. janúar 2011, 10. apríl 2012, 25. mars 2015 og 27. mars 2019, 9. júní 2020, 25. mars 2021).

Fundarstjóri ber upp til samþykktar Reglugerð Sjúkrasjóðs í heild sinni með áorðnum breytingum. 71 samþykktu en 4 sátu hjá.

7. Lýst kjöri formanns, stjórnar og trúnaðarráðs.

Fundarstjóri fór því næst yfir niðurstöður í allsherjaratkvæðagreiðslu til formanns og stjórnar VR, sem stóð frá 8. mars 2021 til kl. 12:00 á hádegi þann 12. mars 2021. Atkvæði greiddu 10.346. Á kjörskrá voru alls 35.919 félagsmenn. Kosningaþátttaka var því 28,8%. Niðurstöðurnar voru birtar á slæðum.

Formaður – til tveggja ára

Sitjandi formaður, Ragnar Þór Ingólfsson, hlaut kosningu til formanns næstu tvö ár.

Fundarstjóri las upp niðurstöðuna og lýsti því yfir að Ragnar Þór væri kjörinn til næstu tveggja ára. Fundargestir í sal fögnum með lófataki og fundargestir á rafrænum fundi með því að veifa á skjánum.

Sjö stjórnarmenn – til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Jón Steinar Brynjarsson

Helga Ingólfssdóttir

Sigurður Sigfússon

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Þórir Hilmarsson

Harpa Sævarsdóttir

Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Sigríður (Sírrý) Hallgrímsdóttir

Arnbjörn Sigurðsson

Fundarstjóri las upp ofangreinda og lýsti því yfir að þeir teldust réttkjörnir til trúnaðarstarfa fyrir VR samkvæmt lögum félagsins. Fundargestir í sal fögnum með lófataki og fundargestir á rafrænum fundi fögnum með því að veifa á skjánum.

Fundarstjóri óskaði eftir því að lesa ekki nöfn 41 fulltrúa í trúnaðarráð heldur láta duga að sýna nöfnin á slæðu. Engin athugasemd var gerð við það fyrirkomulag.

41 til trúnaðarráðs í listakosningu til tveggja ára:

Álfheiður Sigurjónsdóttir

Anna Katrín Ólafsdóttir

Anna Þórðardóttir Bachmann

Árni Guðmundsson

Áslaug Alexandersdóttir

Birgir Már Guðmundsson

Birgitta Ragnarsdóttir

Björg Gilsdóttir
Björgvin Ingason
Björn Axel Jónsson
Erla María Vilhjálmsdóttir
Freyja Lárusdóttir
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Guðlaugur Sæmundsson
Guðmunda Ólafsdóttir
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir
Hafliði Ingason
Halldóra Magnúsdóttir
Halldóra María Steinarsdóttir
Ingimar Þorsteinsson
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jón Guðmundur Björgvinsson
Jón Hrafn Guðjónsson
Kristinn Örn Jóhannesson
Ottó Sværisson
Páll Örn Líndal
Ragnar Orri Benediktsson
Selma Kristjánsdóttir
Sesselja Jónsdóttir
Sigurbjörg Þorláksdóttir
Sigurður Karlsson
Silja Hlín Guðbjörnsdóttir
Soffía Óladóttir
Stefán Viðar Egilsson
Steinar Viktorsson
Steinþór Ásgeirsson
Sveinn Enok Jóhannesson
Vala Ólöf Kristinsdóttir
Valdimar Leó Friðriksson
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þróstur Ríkarðsson

Kjörin til eins árs (vegna trúnaðarráðsmanna sem hættu á miðju kjörtímabili):

Árni Leósson
Steinunn Böðvarsdóttir

Ekkert mótframboð barst í listakosningu og var því listi stjórnar- og trúnaðarráðs sjálfkjörinn.
Fundargestir í sal fögnuðu með lófataki og fundargestir á rafrænum fundi fögnuðu með því
að veifa á skjánum.

- 8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna
skoðunarmanna.**

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tillögur:

- a.** Tillaga stjórnar er að KPMG sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2021 og er tillagan svo
hljóðandi:

“Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 24. mars 2021, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan KPMG hf. sjá um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2021.”

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna en enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarstjóri bar tillöguna síðan upp til atkvæða og var hún samþykkt með miklum meirihluta atkvæða, einn greiddi atkvæði á móti og tveir tóku ekki afstöðu.

b. Tillaga stjórnar er um Pálínu Vagnsdóttur og Birgi Má Guðmundsson sem skoðunarmenn VR sbr. 27. gr. laga VR.

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 24. mars 2021, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR verði Pálína Vagnsdóttir og Birgir Már Guðmundsson.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna en enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarstjóri bar tillöguna síðan upp til atkvæða og var hún samþykkt með miklum meirihluta atkvæða, tveir tóku ekki afstöðu.

9. Ákvörðun um laun skoðunarmanna

Tekin fyrir tillaga stjórnar um að greiða hverjum skoðunarmanni kr. 53.484 á ári. Tillagan er svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 24. mars 2021, samþykkir að greiða hverjum skoðunarmanni VR 53.484 kr. á ári.“

Fundarstjóri gaf orðið laust og barst ein nafnlaus spurning úr sal, af hverju launin væru ekki 53.500 sléttar. Sigríður Lovísa Jónsdóttir, formaður launanefndar, var til svara og sagði að launin væru þau sömu og stjórnarlaun, sem fylgdu breytingum á launavísitölu VR milli ára. Þess vegna væru launin ekki slétt tala.

Fundarstjóri bar tillöguna síðan til atkvæða og var hún samþykkt með miklum meirihluta atkvæða, einn tók ekki afstöðu.

10. Ákvörðun félagsgjalds. (sbr. 9.gr. laga VR)

Fundarstjóri kynnti tillögu um óbreytt félagsgjald og er hún svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 24. mars 2021, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% renna í Félagssjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilusjóð VR.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um tillöguna en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt með miklum meirihluta atkvæða, einn tók ekki afstöðu.

11. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir, formaður launanefndar VR, kynnti tillögu stjórnar um að stjórnlaun verði kr. 53.484 á mánuði, hækki úr kr 52.427 á mánuði. Tillagan er svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 24. mars 2021, samþykkir að stjórnarlaun hækki úr 52.427 kr. á mánuði í 53.484 kr. á mánuði. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk

þess fá stjórnarmenn og varastjórnarnar 5.000 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR. VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Sigríður Lovísa benti á, úr sæti sínu eftir að hafa kynnt tillöguna, að breyting á núverandi reglum væri sú að VR myndi nú greiða ferðakostnað vegna stjórnarfunda stjórnarmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

Fundarstjóri gaf orðið laust, en enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða, einn greiddi atkvæði á móti og tveir tóku ekki afstöðu.

12. Önnur mál.

Engin önnur mál frá stjórn félagsins lágu fyrir fundinum. Bjarni Þór Sigurðsson, stjórnarmaður, fékk orðið og óskaði nýlkjörnum formanni til hamingju með glæsilega kosningu. Hann óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju og þakkaði þeim sem fara úr stjórn fyrir samstarfið.

13. Frágangur fundargerðar.

Fundarstjóri óskar eftir samþykki fundarins fyrir því að hann gangi frá fundargerð ásamt fundarritara. Það var samþykkt með handauppréttingu í fundarsal og réttu fundargestir á rafrænum fundi upp hendi með því að veifa.

14. Fundarslit – lokaorð formanns.

Formaður þakkaði fundarstjóra fyrir skeleggja og góða fundarstjórn. Hann þakkaði fyrir góðan fund, sagði frábært að geta haldið fundinn áður en hertar sóttvarnarreglur tækju gildi á miðnætti. Hann þakkaði jafnframt tæknifólki og starfsfólki fyrir góða framkvæmd á fundinum.

Þá þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnun fyrir samstarfið og starfsfólki fyrir einstaklega vel unnin störf. Að þessu sögðu sleit formaður fundi.

Fundi var slitið kl. 21:35.